

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	09.12.2016
Málalýkill	
Mál nr.	1612086

Reykjavík 7. des. 2016

Til bæjarstjórnar.

Efni: Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.

Landssamtökin Proskahjálpi hvetja stjórnendur sveitarfélaga eindregið til að huga sérstaklega að aðstaðum og þörfum fólks með þroskahömlun og fatlaðs fólks almennt þegar þeir gera áætlanir í húsnæðismálum og setja reglur og/eða taka ákvarðanir um veitingu stofnframlaga samkvæmt nýjum lögum sem um það gilda.

Samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, skal fatlað fólk „eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir“ og skulu sveitarfélög tryggja að framboð á húsnæðisúrræðum til þess sé til staðar.

Viðeigandi húsnæði er augljóslega algjör forsenda þess að markmið um að „tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi,“ geti náðst, eins og kveðið er á um í 1. gr. laganna.


Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er þetta sérstaklega áréttað en íslensk stjórnvöld hafa nú fullgilt þennan mikilvæga mannréttindasamning og þar með skuldbundið sig til að framfylgja honum og tryggja fötluðu fólki þau réttindi sem þar er mælt fyrir um.

Allt of víða hefur skortur á viðeigandi húsnæði fyrir fólk með þroskahömlun og fatlað fólk almennt leitt til þess að það hefur ekki fengið að njóta þeirra mannréttinda að búa við jafnrétti og hafa skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og njóta einkalífs, eins og annað fólk. Það er á ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga að bæta úr því og það er skylda þeirra samkvæmt lögum og mannréttindasamningum að setja það í forgang.


Afar mikilvægt er að sveitarfélög gæti þess sérstaklega við hönnun og byggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk, s.s. hvað varðar stærð íbúða og fjölda samliggjandi íbúða og við skipulag og framkvæmd þjónustunnar að sem best verði náð þeim markmiðum að fatlað fólk skuli fá tækifæri til að búa og taka þátt í samfélaginu án aðgreiningar og að vera í eðlilegum tengslum við nærumhverfi sitt með sama hætti og aðrir eiga kost á.

Húsnæðisáætlanir og stofnframlög eru góð tæki fyrir sveitarfélög til að ná umræddum markmiðum og standa við skyldur sínar gagnvart fötluðu fólki. Landssamtökin Proskahjálpi skora á sveitarfélög að nýta þau tæki mjög vel.

Virðingarfyllst,



Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður



Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri

